

**Ed.**                    **227. Breytingartillögur**                    **[119. mál]**

við frv. til 1. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá Gils Guðmundssyni og Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist:

Í reglunum skal ákveðið, að þær fiskframleiðslustöðvar, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, njóti hlufallslega hærri styrks en hinum, sem betri aðstöðu hafa.

2. Við 2. gr.

a. Við 1. mólsgr. bætist:

Styrkur fyrir þann úthaldstíma, sem skip hefur veitt fyrir innlendan markað, skal þó vera helmingi hærri en fyrir þann tíma, sem það hefur veitt fyrir erlendan markað.

b. Á eftir 1. mólsgr. komi ný mólgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að setja þau skilyrði fyrir greiðslu styrks til togara samkvæmt þessari grein, að sainnnigar hafi tekizt um sanngjarna hækjun á kaupi togarasjómanna.

c. Aftan við greinina bætist:

Fiskverð það, sem ákveðið var af oddamanni yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins með úrskurði þann 20. janúar 1964, skal hækka um 15%, og gildir sú hækjun frá 1. janúar 1964.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Frá 1. febrúar 1964 skulu vextir Seðlabanka Íslands af afurðalánum eigi vera hærri en 2% og útlánsvextir viðskiptabankanna á þeim tíma eigi hærri en 2½% fyrstu 6 mánuði lánstímans, en mega hækka úr því um ½%.

Seðlabankinn skal veita afurðalán, sem nema ⅔ af áætluðu útflutningsverði vörunnar.

Frá 1. febrúar 1964 skulu almennir innláns- og útlánsvextir banka og sparsjóða og vextir af öllum föstum lánum færast í það, sem þeir voru, áður en efnahagslöginin frá 20. febrúar 1960 voru sett.

4. Við 6. gr. Greinin falli niður.